

Almenn Slysátrygging II

Skilmáli nr. L-13

Hugta- og orðaskilgreiningar:

Félagið: Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita vátryggingu, hér Vörður líftryggingar hf.

Vátryggingartaki: Sá sem gerir einstaklingsbundinn samning við félagið um vátrygginguna.

Vátryggður: Sá einstaklingur sem vátryggingin tekur til.

Vátryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt vátryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Vátryggingarskírteini: Staðfesting félagsins á því að vátryggingarsamningur hafi verið gerður.

Rétthafi: Sá sem vátryggingartaki tilgreinir í vátryggingarsamningi og á rétt til þess að fá vátryggingarfjárhæðina greidda eftir að vátryggingaratburður hefur orðið.

Aðalgjalddagi: Aðalgjalddagi vátryggingarinnar er einu sinni á ári og er fyrsti dagur þess mánaðar sem vátryggingin tók upphaflega gildi í, nema um annað sé samið.

Verklagsreglur um áhættumat: Félagið fylgir ákveðnum verklagsreglum við áhættumat persónutrygginga, bæði eigin reglum og ítarlegum reglum endurtryggjanda á hverjum tíma. Upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins.

Fjármálaeftirlitið: Er opinber eftirlitsaðili sem hefur eftirlit með starfsemi vátryggingafélaga hér á landi, skv. lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi.

Varanleg læknisfræðileg örorka: Er átt við að slys hefur haft í för með sér varanlega skerðingu á líkamlegri getu hins vátryggða af völdum vátryggingaratburðarins.

Slys: Skyndilegur, utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

1. gr. Inngangur

Vátrygging þessi er slysa- og dánaráhættutrygging. Grundvöllur vátryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á vátryggingarbeiðni og önnur gögn sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Um vátrygginguna gilda vátryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framur ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

2. gr. Um gildistöku vátryggingarinnar og gildistíma

2.1 Félagið getur óskað eftir nýjum upplýsingum um áhættuna í tengslum við endurnýjun vátryggingarinnar.

2.2 Vátryggingin gildir frá útgáfudegi, sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini, og endurnýjast til árs í senn til þess tíma sem tiltekinn er í vátryggingarskírteini, þó ekki lengur en til 65 ára aldurs vátryggðs. Félagið vátryggir ekki einstaklinga yngri en 18 ára í vátryggingu þessari.

2.3 Vátryggingin bætir tjón sem verður vegna slyss sem vátryggður verður fyrir, sem á sér stað eftir gildistöku tryggingarinnar.

2.4 Vátryggingin bætir því ekki tjón eða örorku sem rekja má til slysa sem áttu sér stað eftir að vátryggingin féll úr gildi eða fyrir gildistöku hennar.

3. gr. Hvar vátryggingin gildir

3.1 Vátryggingin gildir á Norðurlöndunum. Þó gildir vátryggingin í allt að eitt ár ef vátryggður flytur frá Norðurlöndunum. Tilkynna ber með skriflegum hætti breytingu sem verður á búsetu vátryggðs.

3.2 Vanræki vátryggður að tilkynna um slíka breytingu getur ábyrgð félagsins fallið niður skv. ákvæðum laga nr. 30/2004.

4. gr. Vátryggingarfjárhæð

4.1 Vátryggingarfjárhæð er valin á vátryggingarbeiðni og kemur fram á skírteini og í bréfi um endurnýjun.

4.2 Krafa um bætur fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að fullnægjandi gögn hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 123. gr. laga nr. 30/2004.

5. gr. Vátryggingin bætir

Vátryggingin greiðir:

- Örorkubætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku af völdum slyss,
- dánarbætur vegna slyss.

6. gr. Örorkubætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

- 6.1 Varanleg læknisfræðileg örorka skal metin þegar stöðugleika er náð og ekki að vænta frekari bata vátryggðs vegna slyssins.
- 6.2 Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorkunnar ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu.
- 6.3 Sé áverka eða ástands ekki getið í töflum örorkunefndar um miskastig skal meta það sérstaklega með hliðsjón af töflunum.
- 6.4 Nái varanleg læknisfræðileg örorka vátryggðs 70% skv. mati á grundvelli gr. 6.1 – 6.3 greiðist vátryggingarfjárhæðin að fullu. Miða skal við þá vátryggingarfjárhæð sem í gildi var á slysdegi.
Ef örorkustigið er lægra en 70% eru ekki greiddar út bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.
- 6.5 Rétturinn til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skapast þegar slys hefur valdið varanlegri skerðingu á líkama hins vátryggða, og ástand hans er stöðugt. Þegar um varanlega læknisfræðilega örorku er að ræða skapast réttur til greiðslu bóta vegna örorku í fyrsta lagi 12 mánuðum eftir að slysið varð og fyrir liggur örorkumat sem staðfestir varanlegar afleiðingar.
- 6.6 Fresta má örorkumati svo lengi sem þörf krefur samkvæmt læknisfræðilegri reynslu eða vegna fyrirbyggjandi möguleika á endurhæfingu, þó ekki lengur en í 2 ár frá tjónsatburði.
- 6.7 Ef vátryggður andast áður en réttur til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku hefur skapast eru bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku ekki greiddar út.
- 6.8 Við greiðslu bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku fellur vátryggingin úr gildi.

7. gr. Dánarbætur

- 7.1 Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein orsök þess að vátryggður deyr.
- 7.2 Um rétt til greiðslu dánarbóta fer skv. samningi um vátrygginguna og reglum XV. kafla laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 7.3 Við greiðslu dánarbóta samkvæmt þessari grein fellur vátryggingin úr gildi.

8. gr. Takmarkanir á bótarétti

- 8.1 Vátryggingin bætir ekki afleiðingar af völdum:
 - Slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfi- og/eða fíkniefna eða í öllæði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins,
 - slys sem verða við fjallaklifur, bjargsig, hnefaleika, glímu- og bardagaíþróttir, akstursíþróttir, fallhlífastökk og froskköfun,
 - slys sem verða vegna meðvitaðrar háttsemi, ásetnings eða stórkostlegs gáleysis vátryggðs.
- 8.2 Félagið ber ekki ábyrgð á sjálfsvígi eða sjálfsvígstilraun sem rakin verður til geðrænna sjúkdóma.

9. gr. Hækkun vátryggingarfjárhæðar og iðgjalds

Vátryggingarfjárhæð sú sem tilgreind er í skírteini hækkar um 5% á aðalgjaldlega ári hvert. Iðgjald breytist í samræmi við breytingu vátryggingarfjárhæðar.

Vátryggingaskilmálar þessir gilda frá 01.01.2019